




Fuglaskoðunarferðir

frá Sandi 2 í Aðaldal

Í boði eru á tvær mismunandi ferðir. Billinn tekur 6 farþega. Lágmark tveir farþegar. Aðallega er tímasetning ferða seinnipart dags, frá fjögur til sjö og svo á kvöldin, en hægt að semja um annað. Einnig er möguleiki að fá fleiri bíla ef þarf.



Tveggja tíma ferð sem býður upp á selaskoðun í Skjálfandafljóti og fuglakoðun í tjörnum sem heita Fífutjarnir. Þar eru ýmsar andategundir, lómar, æðarfuglar, mófuglar og fleiri tegundir. Svo verður ekið í gegn um kríuvarp og yfir að Miklavatni þar sem mikið er af öndum, flórgoða og fleiri tegundum.

Verð kr. 4.500. pr mann (€30)

Þriggja tíma ferð sem býður upp á selaskoðun í Skjálfandafljóti, keyrt í gegn um æðarvarp, kríuvarp og svo út að sjó, meðfram sjónum yfir að ós fljótsins. Þar er mikið fuglalíf flesta daga t.d kríur,ritur mávar. Þá er ekið til baka í gegn um kríuvarpið og yfir að Miklavatni þar sem er mikið af öndum, flórgoðum og fleiri tegundum.

Verð kr. 5.500. pr mann (€36)

Þær fuglategundir sem er líklegt að sjá eru lóur, stelkar, sandlóur, sendlingar, tjaldar, skógarprestir, rjúpur, spóar, jaðrakanar, kjóar, æðarfuglar, hettumávar, kríur, stormmávar, sílamávar, svartbakar, ritur, skúmar, grænhöfðendur, rauðhöfðendur, urtendur, hávellur, duggendur, skúfendur, toppendur, lómar, flórgoðar, óðinshanar og margt fleira.

Sigurður Ólafsson

Sandi 2 Aðaldal sími 8475406